

Gjöld.		Kr.	Aur.
1.	Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála m. fl.	900	»
2.	Endurgjald alþingiskostnaðar	1092	52
3.	Til yfirsetkvenna	»	»
4.	Til bóluþættinga og annara heilbrigðismálefna	280	»
5.	Ferðakostnaður embættismanna	350	»
6.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	1200	»
7.	Til sáttamálefna)	50	»
8.	Endurgjald á lánum		
	a, lán vegna fjárkláðans	1000 kr.	
	b, lán í tilefni af fangelsisbyggingum	664	1664
9.	Kostnaður við amtsráðið	100	»
10.	Til varðkostnaðar	1120	»
11.	Ýmisleg útgjöld	100	»
12.	Sjóður við árslok	500	»
	Samtals	7356	52

Tekjur :

1.	Í sjóði frá f. ári	»	»
2.	Niðurfjöfnun á lausafje í amtinu	7356	52

Athugasemdir :

Við 3. gjaldlið: Til yfirsetkvenna er ekkert fje ætlað með tilliti til þess, að eptir lagafrumvarpi, sem samþykkt var á alþingi, á jafnaðarsjóðurinn að vera laus við slík gjöld

Við 10. gjaldlið: Af hinum áætlaða varðkostnaði, að því leyti sem hann greiðist af jafnaðarsjóðnum, er hjer til færður helmingur, en hinn helmingurinn er ætlazt til að greiðist á árinu 1877.

Ætlanin er samín eptir fyrirmynd, sem landshöfðinginn yfir Íslandi hefur samþykkt fyrst um sinn.

Reykjavík, 23. október 1875.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu).

66
6ta
septbr.

Tilkynnt amtmanninum, að bókaþjóf frá Ameríku til amtsbókasafnsins á Akureyri haf komið til Kaupmannabafnar og verið send þaðan með seglskipi beinlínis til Akureyrar.

Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).

67
21sta
septbr.

Með þessu brjefi var lagt fyrir amtmenn að gjöra það kunnugt í umdæmum þeirra, að Chr. Aug. Thorne í Moss í Noregi, sem á verkstað til að varðveita matvæli gegn skemmdum, og hefur kennt 2 Íslendingum aðferðina við að sjóða niður lax og sauðakjöt, haf boðið til að kenna öðrum Íslendingum kauplaust þessa iðn sína.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu).

68
25ta
septbr.

Með brjefi frá 21. júlí þ. á. senduð þjer herra amtmaður erindi bæjarfógetans á Ak-